



460. fundur Þingvallanefndar
9. október 2019
Skrifstofa Þingvallanefndar
Austurstræti 12. klukkan 11.30.

Mætt: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Karl Gauti Hjaltason, Páll Magnússon, Hanna Katrín Friðriksson og Guðmundur Andri Thorsson sendir varamann í sinn stað Margréti Tryggvadóttur. Auk þeirra sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Ari Trausti setur fund. Líneik vekur athygli á því að boðaður varamaður Guðmundar Andra á fundinum er ekki kjörin varafulltrúi. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir er kjörin varafulltrúi Samfylkingarinnar en ekki Margrét Tryggvadóttir. Líneik og aðrir nefndarmenn fagna því að staðgengill sé í fjarveru Guðmundar Andra og Albertínu Friðbjargar.

1. 90 ára afmæli þjóðgarðsins á Þingvöllum 2020.

Þjóðgarðsvörður segir frá því að á næsta ári verði þjóðgarðurinn 90 ára og fer yfir ýmsar hugmyndir að verkefnum og viðburðum til að marka afmælisárið. Umræður urðu og nefndarmenn lögðu fram fleiri hugmyndir. Lagt til að þjóðgarðsvörður og starfsmenn vinni forgangsröðun og komi með tillögu að dagskrá í byrjun nóvember.

2. Sumarbústaðir

Lagt fram bréf frá eigendum að Valhallarstíg syðri 16.

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti að frístundahúsi að Valhallarstíg 16 og heimilar framsal lóðarleiguréttinda.

3. Atvik í Þingvallakirkju

Þjóðgarðsvörður fer yfir atvik í Þingvallakirkju þar sem eldur úr kertaskreytingu komst í fatnað brúðkaupsgests við brúðkaup föstudaginn 4. október. Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir núverandi verklagi við Þingvallakirkju. Þingvallanefnd hvarf atvikið og óskar eftir að settar verði skýrar reglur um umgengni og skreytingar í Þingvallakirkju og farið verði yfir verklag við athafnir til að tryggja að slíkt geti ekki endurtekið sig. Einnig lagt til að farið verði yfir brunavarnir og rafmagnslagnir í Þingvallakirkju. Tillögur verða lagðar fyrir næsta fund Þingvallanefndar.

Önnur mál

Umræða um bréf frá UNESCO vegna Silfru og Gjábackavegar.

Ekki meira rætt og fundi slitið.